

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2018, fimmtudaginn. 5. apríl, var haldinn 150. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 16.20. Viðstödd voru: Margrét M Norðdahl, Eva Baldursdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Heiðrún Ólafsdóttir, Jón Finnbogason áheyrnarfulltrúi, Tryggvi Scheving frá Íbúasamtökum Hlíða, Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist

1. Fram fer umræða um skólastarf í leikskólum í Hlíðahverfi.

- Kl. 16.52 Örn Þórðarson tekur sæti á fundi.

Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fulltrúum leikskólanna kærlega fyrir góða kynningu og umræður um leikskólastarfið í hverfinu og óskar þeim velfarnaðar í þeim mikilvægu störfum sem þeir sinna.

Ólafía B Davíðsdóttir frá leikskólanum Stakkaborg, Arndís Bjarnadóttir frá leikskólanum Björtuhlíð og Elísabet Guðmundsdóttir frá leikskólanum Hlíð taka sæti undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um nýjan hverfissjóð Reykjavíkurborgar.

3. Fram fer umræða um sumardaginn fyrsta, 19. apríl nk.

- Kl. 17:55 vikur Jón Finnbogason af fundinum.

- Kl. 17:55 vikur Hrefna Guðmundsdóttir af fundinum.

4. Fram fer umræða um aukið eftirlit lögreglu með hraðakstri í Hlíðahverfi.

5. Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Beiðni frá Hverfisráði til lögreglu um aukið eftirlit með hraðakstri í hverfinu. Hverfisráð óskar eftir að farið markvisst og mælt í ólíkum hverfishlutum og gripið til hraðaminnkandi aðgerða. Byrjaði verði á mælingum á helstu gatnamótum þar sem skólabörn eiga leið yfir til og frá skóla.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 22. mars 2018, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. mars 2018 vegna erindisbréfs frá hverfisráði Hlíða, dags. 12. mars 2018, varðandi hraðaminnkun sem og aðgerðir til að auka öryggi gangandi- og hjólandi vegfarenda við gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar og aðra staði í hverfinu.

7. Hverfisráðið leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fyrir góðar undirtektir við bókun sinni og viljayfirlýsingu fulltrúa í Umhverfis og skipulagsráði um að hraði verði minnkaður í hverfinu. Hverfisráð óskar eftir því við Umhverfis og skipulagsráð að farið verði í aðgerðir, og samningaviðræður við veghaldara ef við á, um lækkun hraða á Miklubraut í 50 km og Snorrabraut og Lönguhlíð í 40 km.

8. Fram fer umræða um mön við Gunnarsbraut/Miklubraut.

### Fundi slitið kl. 18.23

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson  
Eva Baldursdóttir

Heiðrún Ólafsdóttir